

# STJÓRNARTÍÐINDI B 142 – 2003

19. desember 2003

2797

Nr. 963

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bessastaðahreppi.

*Hvoll.*

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps samþykkti þann 18. nóvember 2003 breytingu á deiliskipulagi við Hvol í Bessastaðahreppi. Í deiliskipulagi er nú gert ráð fyrir átta einbýlishúsum við Fálkastíg í stað þriggja í eldra deiliskipulagi, auk Hvols. Lóð fyrir dreifistöð rafveitu verður staðsett við Jörfaveg og bætt er við stíg frá Fálkastíg að Jörfavegi.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Bessastaðahreppi, 19. desember 2003.*

**Gunnar Valur Gíslason** sveitarstjóri.

18. desember 2003

Nr. 964

## REGLUR

### um úthlutun andvirðis beingreiðslna af 7500 ærgildum á árunum 2003-2007.

1. gr.

*Markmið o.fl.*

Ríkissjóður greiðir andvirði árlegra beingreiðslna af 7500 ærgildum sem keypt voru samkvæmt ákvæði 2.3 í samningi um framleiðslu sauðfjárafurða dags. 11. mars 2000 í þeim tilgangi að styrkja svæði á landinu sem eru sérstaklega háð sauðfjárrækt og möguleikar á annarri tekjuöflun eru takmarkaðir. Grunnfjárhæð er miðuð við beingreiðslur í desember 2001.

2. gr.

*Heildargreiðslur.*

Heimilt er að verja allt að 37 milljónum króna á ári 2003-2007 til greiðslna samkvæmt 1. gr. Fjárhæðirnar skulu breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu í desember 2003, 230 stig.